

Orkuveita Reykjavíkur - samstæða

Fjárhagsáætlun 2016 og fimm ára áætlun 2017 - 2021

Samþykkt af stjórn Orkuveitu Reykjavíkur 12.10.2015

Inngangur	1
Starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur	3
Aðgerðaráætlun Orkuveitu Reykjavíkur	5
Forsendur og viðmið fjárhagsáætlunar	6
Fjárhagsáætlun 2016	8
Fimm ára áætlun 2017-2021	9
Útkomuspá 2015 og áætlun 2016-2021	16

Fjárhagsáætlun samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2016 og langtímaáætlun fyrir árin 2017-2021 er samandregin áætlun fyrir móðurfélagið OR og dótturfélögin Veitur, OR Vatns- og fráveitu, Orku náttúrunnar (ON) og Gagnaveitu Reykjavíkur (GR). Áætlun hvers dótturfélags hlaut samþykki viðkomandi stjórnar áður en þessi samstæðuáætlun var samþykkt í stjórn OR. Fjárhagsáætlun ársins 2016 ber þess merki að OR vinnur samkvæmt *Planinu*, aðgerðaáætlun sem eigendur fyrirtækisins og stjórn samþykktu vorið 2011. Aðrar forsendur eru einkum þjóðhagsspá og alþjóðlegar spár um þróun ytri áhrifaþátta á reksturinn.

Við gerð þessarar fjárhagsáætlunar fyrir samstæðu OR var haldið áfram á þeirri braut sem mörkuð var á fyrra ári, að taka skref í átt til stefnumiðaðrar fjárhagsáætlunar. Fyrirtækið býr að eigendastefnu, sem samþykkt er af sveitastjórnnum og staðfest á eigendafundi. Auk eigendastefnunnar hefur stjórn mótað fyrirtækinu stefnu í ýmsum málaflokkum. Fjárhagsáætlun samstæðunnar er eitt helsta tæki stjórnar til að fylgja þeirri stefnu eftir.

Stjórn OR hefur tekið frekari skref í þróun fjárhagsáætlunar innan samstæðunnar og fleiri eru áforðuð. Á stjórnarfundum í ágúst 2015 fékk stjórn ýtarlega kynningu á aðferð við áætlanagerð sem nefnd er „Beyond Budgeting“. Í aðferðinni felst að hefðbundin áætlanagerð er einfölduð, afkomuspár eru tíðari og áætlunum breytt til samræmis við þær. Aðferðin felur í sér aukna ábyrgð stjórnenda og annarra starfsmanna í fjármálum og daglegum rekstri. Þann árangur sem náðst hefur í rekstri OR síðustu ár má að miklu leyti rekja til þess að stjórnendur og starfsmenn allir hafa axlað ábyrgð á því að halda rekstrinum innan *Plans*. Á því vill Orkuveitan byggja til framtíðar.

Árið 2016 er síðasta ár samnings OR og eigenda um *Planið*. Það hefur gengið að óskum og um mitt ár 2015 hafði árangur þess í bættri sjóðstöðu náð heildarmarkmiðunum sem ná átti í árslok 2016. Fjárhagsáætlun árána 2017 til og með 2021 ber með sér að andi *Plansins* mun áfram ráða. Fjárfestingar, sem aukist hafa smátt og smátt frá árinu 2013, munu ná jafnvægi við um það bil ellefu milljörðum á ári. Árið 2016 er þó heldur frekara á fjárfestingar og ræðst af verklokum í nýjum fráveitum á Vesturlandi og yfirtöku á mælasafni. Eftir það taka við hefðbundnar endurnýjunar- og nýfjárfestingar í veitukerfum. Sú ákvörðun var tekin síðla árs 2014 að OR eignist aftur mæla fyrir rafmagn og heitt og kalt vatn hjá viðskiptavinum á þjónustusvæði sínu. Mælarnir eru um 150.000 talsins og eru endurkaup á mælunum stærsta fjárfesting Veitna á árinu 2016. Ein ástæða þess að ráðist er í þetta er ör tækniþróun á sviði mælabúnaðar og Veitur vilja stýra þeirri uppbyggingu og þróun milliliðalaust. Snjallvæðing mælitækja er fyrirsjáanleg og með áframhaldandi þróun sjálfsþjónustu viðskiptavina um vefinn, telja Veitur fyrirtækið betur í stakk búið að bæta þjónustu sína. Hjá ON standa yfir fjárfestingar vegna umhverfismála við Hellisheiðarvirkjun sem miða einkum að því að tryggja sjálfbærni nýtingar með dreifðari gufuöflun, draga úr losun brennisteinsvetnis og með vönduðum frágangi raskaðra svæða eftir framkvæmdaskeið síðasta áratugar. Á árinu 2015 lauk Gagnaveita Reykjavíkur við samningsbundna tengingu ljósleiðaranets til heimila. Frekari fjárfestingar í ljósleiðaratengingu heimila verða nú alfarið á viðskiptalegum forsendum. Sú áratugareynsla sem komin er á ljósleiðaranetið hefur aukið mjög eftirspurn eftir þessari öflugustu gagnatengingu sem heimilum standa til boða. Fjöldi sveitarfélaga hefur óskað eftir samstarfi við GR og sér þess merki í fjárfestingaáætlunum fyrirtækisins.

Gert er ráð fyrir stöðugri afkomu OR á árunum 2016-2021 og að kennitölur fyrirtækisins batni jafnt og þétt, einkum með lækkun skulda og auknu lausafé. Gert er ráð fyrir að gjaldskrár haldi í við verðlagsþróun í landinu og að rekstrarkostnaður geri það einnig. Batnandi afkoma er því einkum vegna lækkandi fjármagnskostnaðar og aukinnar sölu afurða samstæðunnar. Tekið skal fram að við gerð áætlunarinnar er kjarasamningum við stéttarfélag starfsmanna OR ólokið. Því er nokkur óvissa um launagjöld samstæðunnar á tímabili áætlunarinnar.

Fjárhagsáætlun Orkuveitu Reykjavíkur 2016 og fimm ára áætlun 2017-2021 fer til umfjöllunar hjá Reykjavíkurborg sem hluti af fjárhagsáætlunum samstæðu Reykjavíkurborgar.

Starfssvæði Orkuveitunnar nær til Suður- og Vesturlands auk höfuðborgarsvæðisins. Orka Náttúrunnar á og rekur þrjár virkjanir; jarðgufuvirkjanirnar á Nesjavöllum og Hellisheiði og vatnsaflsvirkjun í Andakílsá í Borgarfirði. Jarðgufuvirkjanirnar, sem báðar eru á Hengilssvæðinu, eru margfalt aflmeiri en vatnsaflsvirkjunin.

VIRKJANIR



Uppsett rafafli virkjana er 120 MW á Nesjavöllum, 303 MW í Hellisheiðarvirkjun og Andakílsá er 9 MW.

RAFMAGNSVEITA

Raforkudreifing okkar nær til liðlega helmings landsmanna í sex sveitarfélögum við Faxaflóa. Dreifikerfið tengist landsneti raforkuflutningsins á þremur stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Það er í tengivirkjunum við Korpu, á Geithálsi og Hnoðraholti. Þaðan er rafmagnið leitt í háspennustrengjum til 13 aðveitustöðva, víðsvegar um höfuðborgarsvæðið.



HITAVEITA

Á höfuðborgarsvæðinu rekur Orkuveitan stærstu jarðhitaveitu í heimi auk smærri veitna á sunnan- og vestanverðu landinu. Mest er framleiðsla heits vatns í virkjuninni á Nesjavöllum, 300 MWth, en á fjölda lághitasvæða eru samtals framleidd 600 MWth. Í Hellisheiðarvirkjun eru framleidd 133 MWth af heitu vatni.



VATNSVEITA

Orkuveita Reykjavíkur rekur 13 vatnsveitur á starfssvæði sínu auk þess að selja neysluvatn í heildsölu til tveggja sveitarfélagaveitna, samtals til um helmings þjóðarinnar.

FRÁVEITA

Orkuveitan á fráveitur í sex byggðarlögum og rekur dælustöðvar fyrir tvö sveitarfélög til viðbótar. Orkuveitan þjónar liðlega helmingi þjóðarinnar í fráveitumálum.



GAGNAVEITA

Orkuveitan hefur byggt upp verðmætt gagnaflutningskerfi, sem heimili og fyrirtæki á suðvesturhorninu hafa notið góðs af.



Árangur Plansins 2011-2015H1 er um 7,1 milljörðum króna betri en gert var ráð fyrir og eru allir þættir *Plansins* á áætlun, nema eignasala.

PLANID

Áætlun	2011	2012	2013	2014	2015H1	2015H2	2016	Alls
Lækkun fjárfestinga í veitu-kerfum	1.205	3.518	2.690	2.518	952	1.458	2.659	15.000
Eignasala	1.000	2.000	5.100	1.900	0	0	0	10.000
Aðhald í rekstri	300	900	900	900	452	548	1.000	5.000
Önnur lækkun fjárfestinga	250	200	200	200	79	121	200	1.250
Frestun fjárfestinga vegna fráveitu	-	2.000	900	-	-790	-1.210	-900	-
Samtals	2.755	8.618	9.790	5.518	693	917	2.959	31.250
Víkjandi lán	8.000	-	4.000	-	-	-	-	12.000
Leiðrétting gjaldskrár	1.122	1.552	1.215	1.295	573	757	1.499	8.013
Samtals	9.122	1.552	5.215	1.295	573	757	1.499	20.013
Alls	11.877	10.170	15.005	6.813	1.266	1.674	4.458	51.263

Raun	2011	2012	2013	2014	2015H1	2015H2	2016	Alls
Lækkun fjárfestinga í veitu-kerfum	1.825	4.808	3.203	2.362	1.382	-	-	13.580
Eignasala	1.115	212	6.109	1.552	5	-	-	8.993
Aðhald í rekstri	747	887	1.381	1.538	818	-	-	5.371
Önnur lækkun fjárfestinga	378	415	286	223	70	-	-	1.372
Frestun fjárfestinga vegna fráveitu	-	2.150	1.152	-148	-395	-	-	2.759
Samtals	4.065	8.472	12.131	5.527	1.880	-	-	32.075
Víkjandi lán	7.925	75	4.000	0	0	-	-	12.000
Leiðrétting gjaldskrár	1.128	2.200	2.170	1.913	784	-	-	8.195
Samtals	9.053	2.275	6.170	1.913	784	-	-	20.195
Alls	13.118	10.747	18.301	7.440	2.664	-	-	52.271

Forsendur

Forsendur fjárhagsáætlunar 2016 og fimm ára áætlunar 2017-2021 byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem gefin var út í apríl 2015 sem og spám frá Seðlabanka Íslands, Reykjavíkurborg og Orkuveitu Reykjavíkur. Forsendur um þróun álverðs byggja á upplýsingum frá LME (London Metal Exchange). Við áætlun vaxta var miðað við fölgna framvirka vexti eftir myntum og vaxtakjörum einstakra samninga.

FORSENDUR

Lýsing	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Vísitala neysluverðs, breyting (%)	2,4	4,9	4,6	3,4	2,8	2,6	2,5
Byggingarvísitala des-des, breyting (%)	6,2	5,1	4,9	4,6	3,4	2,8	2,6
Launavísitala, breyting (%)	7,6	7,8	6	5,2	4,6	4,3	3,5
Gengisvísitala í árslok (stig)	206,4	212,8	216,8	216,8	216,8	216,8	216,8
Álverð, meðalverð ársins (\$)	1.586	1.601	1.662	1.727	1.783	1.833	1.886

Viðmið og mælikvarðar

Við gerð fjárhagsáætlunar hefur verið stuðst við fjárstýringar- og áhættustefnu Orkuveitu Reykjavíkur sem samþykkt var af stjórn OR í október 2013 og staðfest af eigendum á eigendafundi í nóvember 2013.

Í stefnunni segir að gera skuli áætlunir um fjármögnun og að leitast skuli við að tryggja örugga fjármögnun a.m.k. þrjú ár fram í tímann. Jafnframt skal stefnt að því að veltufjárhlutfall verði yfir 1.

Í *Planinu* var ekki gert ráð fyrir lántökum þar sem aðgangur OR að lánsfjármagni var ekki fyrir hendi. Þar sem markmið *Plansins* hafa gengið eftir og gott betur hefur OR nú aðgang að fjármálamörkuðum til lántöku og áhættuvarnarsamninga. Gert er ráð fyrir að OR taki lán til að styrkja lausafjárstöðu og ná markmiðum stefnunnar. Lántakan miðar fyrst og fremst að því að tryggja fjárhag fyrirtækisins og viðhalda sterkri lausafjárstöðu þess. Veltufjárhlutfall er áætlað í kringum 1 öll ár áætlunarinnar.

Í áætluninni er gert ráð fyrir fyrirliggjandi áhættuvarnarsamningum en fyrirtækið gerir ráð fyrir að halda áfram að verja sig gagnvart ytri breytum í takt við áhættustefnu þess. Þessar ytri breytur eru álverð, vextir og gengi gjaldmiðla. Gert er ráð fyrir að hluti nýrrar fjármögnunar verði tekinn í erlendri mynt m.a. til þess að draga úr gjaldeyrisáhættu í greiðsluflæði.

Fjárfestingar eru að mestu leyti fjármagnaðar með handbæru fé frá rekstri. Fjárfestingarþörf fyrirtækisins eykst á næstu árum í kjölfar *Plansins* og aukinna umhverfiskrafna. Hluta fjárfestinga er gert ráð fyrir að fjármagna með lánsfé.

Fjárhagsleg viðmið og mælikvarðar áætlunar

Í samræmi við eigendastefnu og aðgerðaráætlun eigenda er markvisst stefnt að heilbrigðari fjárhag fyrirtækisins. Það felur í sér að bæta markvisst lykiltölur í rekstri s.s. veltufjárhlutfall, eiginfjárhlutfall, skuldaþekju o.fl. Áætlunin byggir á ákveðnum lykilmælikvörðum í anda eigendastefnu og stefnumiðaðrar áætlunargerðar (beyond budgeting). Í neðangreindri töflu má sjá lykiltölur eins og þær voru í árslok 2014 og áætlaðar nú:

Lýsing	Raun 2014	Útkomuspá 2015	Áætlun 2016
EBITDA/Rekstrartekjur	64,5%	59,3%	60,2%
Eiginfjárhlutfall	33,2%	35,6%	37,3%
Veltufjárhlutfall	0,7	1,0	1,0
(Vaxtaberandi skuldir - handbært fé) / EBITDA	6,6	6,7	6,2
FFO vaxtaþekja	5,6	4,7	3,8
FCF/Nettó skuldir	9,2%	4,7%	3,8%
RCF/Nettó skuldir	12,8%	12,2%	12,4%
ROCE	5,4%	4,6%	4,9%

Forgangsröðun og mat á fjárfestingum

Í eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur er hlutverk og kjarnastarfsemi fyrirtækisins skilgreind og liggur hún til grundvallar við mat á forgangsröðun fjárfestinga. Þau verkefni sem tilgreind eru á fjárfestingaráætlun hafa verið lengi til umfjöllunar og hlotið forgangsröðun áður en þau eru lögð fram. Áður en endanleg ákvörðun um verkefni er tekin er unnin frekari undirbúningsvinna og ítarlegt áhættumat framkvæmt. Þegar nánari undirbúningsvinnu sérhvers verkefnis er lokið fer það í samþykktarferli innan hvers félags og síðar stjórnar og eiganda, ef við á, eftir skilgreindu verklagi. Stuðst er við hlutlæga greiningu m.a. á eftirfarandi þáttum:

- Aukin notkun eða eftirspurn
- Bilanasaga
- Aldur
- Efni
- Ástandsgreining
- Öryggi starfsmanna og viðskiptavina
- Afhendingaröryggi

Gert er ráð fyrir að hagnaður ársins 2016 verði 4.951 m.kr. samanborið við 7.297 m.kr. samkvæmt útkomuspá fyrir árið 2015, þetta er lækkun upp á 2.346 m.kr. Eiginfjárlutfall er áætlað 37,3% í árslok 2016 samanborið við 35,6% árið 2015.

REKSTRARREIKNINGUR

Tekjur

Rekstrartekjur eru áætlaðar 41.543 m.kr. en eru 39.313 m.kr. í útkomuspá ársins 2015. Rekstrartekjur vaxa um 2.230 m.kr. sem er 5,67%

Gjöld

Rekstrarkostnaður án afskrifta er áætlaður 16.546 m.kr. samanborið við 15.991 m.kr. í útkomuspá árið 2015 sem er 3,5% hækkun. Orkukaup og flutningskostnaður lækka um 157 m.kr. milli ára eða 2,5%.

EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir

Gert er ráð fyrir að heildareignir nemi 308,5 milljörðum króna í árslok 2016 samanborið við 304,5 milljarða króna í árslok 2015 sem er 1,3% hækkun milli ára.

Eigið fé og skuldir

Gert er ráð fyrir að eigið fé nemi 115 milljörðum króna í árslok 2016 samanborið við 108,4 milljarða króna í árslok 2015. Þá er gert ráð fyrir að skuldir lækki úr 196 milljörðum króna í 193,5 milljarða króna í árslok 2016 sem er lækkun um 1,3% milli ára.

SJÓÐSTREYMI

Handbært fé frá rekstri

Handbært fé frá rekstri er áætlað 21,4 milljarðar króna árið 2016 samanborið við 20,8 milljarða króna árið 2015.


Fjárfestingahreyfingar

Fjárfesting ársins í varanlegum rekstrarfjármunum er áætluð 13,2 milljarðar króna árið 2016 samanborið við 11,7 milljarða króna árið 2015.

REKSTRARREIKNINGUR

Tekjur

Áætlað er að rekstrartekjur hækki um 14.108 m.kr. frá 2016 til 2021 eða sem nemur 34%. Raforkusala á almennan markað hækkar um 3.859 m.kr. eða 33,2% og heitavatnssmásala hækkar um 3.342 m.kr. eða 30%. Heildsala hækkar um 1.935 m.kr. eða 26,5%



Mynd 1


Gjöld

Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður án afskrifta aukist frá 2016 til 2021 um 3.945 m.kr. eða 23,8%. Orku-kaup og flutningur hækka um 784 m.kr. eða 12,5%. Launakostnaður og annar rekstrarkostnaður hækkar um 3.161 m.kr. eða 30,7%. Aukinn rekstrarkostnað má að mestu rekja til verðlagsbreytinga.

EBITDA hækkar úr 24.997 m.kr. árið 2016 í 35.161 m.kr. árið 2021 eða sem nemur 40,6%.

Afkoma


Eins og sjá má á mynd 2 er gert ráð fyrir að afkoman batni á tímabilinu og er gert ráð fyrir að hún verði jákvæð um 16,7 milljarða króna árið 2021. Hafa ber í huga að óreglulegir fjármagnsliðir eins og breytingar á virði framvirkra raforkusölusamninga geta haft veruleg áhrif á afkomuna eins og raunin virðist ætla að verða árið 2016.



Mynd 2


EFNAHAGSREIKNINGUR

Heildareignir í fjárhagsáætlun hækka á tímabilinu 2016 til 2021 um 7,5 milljarða króna eða 2,4% og verða um 316 milljarður króna árið 2021. Eiginfjárhlutfall styrkist jafnt og þétt á tímabilinu 2016-2021, þ.e. frá því að vera 37,3% í árslok 2016, í 56,7% í árslok 2021.



Mynd 3

Eigið fé í árslok 2021 er áætlað 179,3 milljarðar króna og eykst um 64,2 milljarða króna frá árslokum 2016. Þá er gert ráð fyrir því að heildarskuldir lækki á tímabilinu 2016 til 2021 úr 193,5 milljörðum króna í 136,8 milljarða eða um 29,3%.



Mynd 4

Fjárfestingahreyfingar

Á árunum 2017 til 2021 eru fjárfestingar áætlaðar 54 milljarðar króna.

Fjárfesting í veitukerfum er áætluð 35,9 milljarðar króna og eru helstu fjárfestingaverkefni endurnýjun stofnæða í hitaveitu, endurnýjun aðveitu- og dreifistöðva í rafmagni og samstarfsverkefni með sveitarfélögum á starfssvæði veitnanna. Framkvæmdir við nýjar fráveitur á Vesturlandi hófust að nýju á árinu 2015 og mun þeim ljúka á árinu 2016, þá eiga fráveitumál í þeim byggðarlögum að vera komin í sama horf og á höfuðborgarsvæðinu.


Fjárfesting í virkjunum er áætluð 14,6 milljarðar króna og eru helstu fjárfestingaverkefni tengd umhverfismálum og gufuöflun, m.a. hreinsun á brennisteinsvetni og vinnsluhola fyrir Hellsheiðarvirkjun.

Á árinu 2016 er gert ráð fyrir uppgjöri á skuldabréfaeign sem tengd er álverði að ákveðnu marki, 9,6 milljarðar króna.

Fjárfestingar

Hér getur að líta sundurliðun fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum í milljónum króna.

FJÁRFESTINGAR							
LÝSING	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Virkjanir	5.153	3.671	3.471	3.898	3.703	1.583	1.933
Veitukerfi	5.821	8.882	7.814	7.788	6.373	6.864	7.160
Önnur fjárfesting	689	616	652	667	687	703	722
Fjárfestingar alls	11.663	13.169	11.937	12.353	10.764	9.150	9.815



Mynd 5

HELSTU FJÁRFESTINGAR 2016-2021

Orka náttúrunnar	
Andakílsárvirkjun	453
Nesjavallavirkjun	3.932
Hellisheiði	10.713
Veitur	
Heitt vatn	16.095
Rafmagn	10.040
Kerfisstjórnun	106
Vatns- og fráveita	
Kalt vatn	2.566
Fráveitukerfi	7.817
Móðurfélag	
Þróun	3.162
Upplýsingarkerfi	2.074
Annað	1.800


Fjármögnunarhreyfingar

Afborganir skulda eru áætlaðar 16,9 milljarðar árið 2017 og svo milli 16-18 milljarðar króna árlega til ársins 2021, samtals um 67,9 milljarðar króna.

Lántökur eru áætlaðar 13,5 milljarðar á tímabilinu eða sem nemur um 25% af fjárfestingu og 20% af afborgunum skulda.

Ekki er gert ráð fyrir arðgreiðslum á tímabilinu þar sem ekki liggur fyrir arðgreiðslustefna við gerð áætlunar. Ljóst er að svigrúm til greiðslu arðs skapast á tímabilinu og ef til arðgreiðslna kemur munu mælikvarðar breytast í takt við útgreiddan arð samkvæmt ákvörðun eigenda.









Handbært fé í lok tímabilsins fer vaxandi úr 17,8 milljörðum króna árið 2016 í 25,4 milljarða króna árið 2021.



Mynd 6

FJÁRHAGSLEGIR LYKILMÆLIKVARÐAR

ORKUVEITA REYKJAVÍKUR – 5 ÁRA ÁÆTLUN



ÚTKOMUSPÁ 2015 OG ÁÆTLUN 2016-2021

Rekstrarreikningur	Útkomuspá 2015	Áætlun 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021
	(mkr)	(mkr)	(mkr)	(mkr)	(mkr)	(mkr)	(mkr)
Rekstrartekjur	39.313	41.543	44.922	48.312	51.041	53.385	55.651
Smásala	29.693	31.009	33.303	35.346	37.207	39.028	40.872
Rafmagn	11.256	11.616	12.570	13.327	14.037	14.749	15.475
Heitt vatn	10.665	11.128	11.888	12.580	13.215	13.839	14.470
Kalt vatn	3.233	3.421	3.660	3.906	4.120	4.320	4.522
Fráveita	4.538	4.845	5.185	5.532	5.835	6.119	6.405
Heildsala	6.653	7.279	7.628	8.349	8.782	9.014	9.214
Rafmagn	6.418	7.016	7.348	8.052	8.469	8.687	8.872
Heitt vatn	175	202	215	228	239	251	262
Kalt vatn	60	61	65	70	73	77	81
Aðrar tekjur	2.967	3.255	3.990	4.617	5.052	5.343	5.565
Rekstrargjöld	15.991	16.546	17.468	18.317	18.815	19.593	20.491
Orkukaup	2.980	2.696	2.578	2.765	2.597	2.678	2.760
Flutningur	3.436	3.563	3.757	3.907	4.048	4.145	4.284
Laun og launatengd gjöld	5.213	5.994	6.357	6.685	7.001	7.306	7.566
Annar rekstarkostnaður	4.362	4.292	4.775	4.960	5.168	5.465	5.881
Rekstrarhagn. fyrir afsk. (EBITDA)	23.322	24.997	27.454	29.995	32.226	33.792	35.161
Afskriftir	9.788	10.182	10.631	10.928	11.199	11.399	11.580
Rekstrarhagnaður	13.534	14.815	16.823	19.066	21.027	22.393	23.581
Fjármagnsliðir	-4.530	-9.073	-7.537	-5.937	-5.494	-4.538	-3.895
Vaxtatekjur	1.008	982	941	942	944	945	947
Vaxtagjöld og verðbætur	-5.114	-6.808	-6.765	-6.437	-6.203	-5.721	-5.234
Aðrar tekjur (gjöld) af fjáre. og fjársk.	-423	-3.247	-1.712	-442	-235	237	392
Hagnaður (tap) fyrir skatta	9.004	5.743	9.286	13.129	15.533	17.855	19.686
Tekjuskattur	-1.707	-792	-1.706	-2.333	-2.512	-2.841	-3.017
Hagnaður (tap) ársins	7.297	4.951	7.580	10.797	13.022	15.014	16.669

ÚTKOMUSPÁ 2015 OG ÁÆTLUN 2016-2021

Efnahagsreikningur	Útkomuspá	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun
	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
	(mkr)	(mkr)	(mkr)	(mkr)	(mkr)	(mkr)	(mkr)
Eignir	304.466	308.540	313.066	316.055	314.371	314.431	316.034
Fastafjármunir	277.763	284.431	287.451	288.006	287.499	285.251	283.486
Varanlegir rekstrarfjármunir	271.606	278.129	281.775	282.986	282.340	279.884	277.917
Óefnislegar eignir	1.513	1.724	1.939	2.153	2.364	2.571	2.774
Eignarhlutar í hlutdeildarfélagum	59	59	59	59	59	59	59
Eignarhlutar í öðrum félögum	2.236	2.236	2.236	2.236	2.236	2.236	2.236
Áhættuvarnarsamningar	511	504	500	500	500	500	500
Tekjuskatts eign	1.838	1.778	941	72	0	0	0
Veltufjármunir	26.704	24.109	25.615	28.049	26.871	29.180	32.548
Vörubirgðir	439	443	446	446	446	446	446
Viðskiptakröfur	3.680	3.873	4.138	4.375	4.568	4.754	4.933
Áhættuvarnarsamningar	237	237	237	237	237	237	237
Aðrar fjáreignir	9.034	0	0	0	0	0	0
Aðrar skammtímaskröfur	496	491	462	414	360	287	242
Bundnar bankainnstæður	1.250	1.250	1.250	1.250	1.250	1.250	1.250
Sjóður og bankainnstæður	11.566	17.814	19.082	21.326	20.009	22.204	25.439
Eigið fé og skuldir	304.466	308.540	313.066	316.055	314.371	314.431	316.034
EIGIÐ FÉ	108.449	115.037	123.763	134.559	147.581	162.595	179.264
Sérstakur endurmatsreikningur	69.135	69.135	69.135	69.135	69.135	69.135	69.135
Þýðingarmunur	5.978	7.614	8.760	8.760	8.760	8.760	8.760
Gangvirðisreikningur	1.760	1.760	1.760	1.760	1.760	1.760	1.760
Óráðstafað eigið fé	31.577	36.528	44.108	54.905	67.927	82.941	99.610
SKULDIR	196.017	193.503	189.303	181.496	166.790	151.836	136.770
Langtímaskuldir	169.109	170.142	163.822	155.155	139.845	124.773	110.504
Skuldir við lánastofnanir	157.561	156.869	150.199	142.518	127.485	113.094	99.759
Lífeyrisskuldbinding	583	649	720	795	873	954	1.038
Aðrar fjárskuldir	1.693	1.683	1.677	1.677	1.677	1.677	1.677
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	3.873	4.809	4.474	4.079	3.860	3.713	3.421
Tekjuskattsskuldbinding	5.399	6.130	6.753	6.087	5.951	5.336	4.610
Skammtímaskuldir	26.908	23.362	25.481	26.340	26.945	27.063	26.266
Viðskiptaskuldir	2.106	2.299	2.539	2.732	2.890	3.076	3.266
Skuldir við lánastofnanir	198	275	1.425	727	734	740	796
Næsta árs afborganir langtímaskulda	19.305	15.341	15.853	15.633	15.755	14.932	13.723
Ógreiddir skattar	0	0	247	2.129	2.576	3.456	3.743
Aðrar fjárskuldir	1.193	1.190	1.189	1.189	1.189	1.189	1.189
Innbyggðar afleiður í raforkusamningum	1.506	1.652	1.613	1.395	1.360	1.347	1.325
Aðrar skammtímaskuldir	2.599	2.605	2.615	2.535	2.442	2.323	2.225

ÚTKOMUSPÁ 2015 OG ÁÆTLUN 2016-2021

Sjóðstreymi	Útkomuspá 2015	Áætlun 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021
	(mkr)	(mkr)	(mkr)	(mkr)	(mkr)	(mkr)	(mkr)
Hagnaður tímabilsins	7.297	4.951	7.580	10.797	13.022	15.014	16.669
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	4.530	9.073	7.537	5.937	5.494	4.538	3.895
Tekjuskattur	1.707	792	1.706	2.333	2.512	2.841	3.017
Afskriftir	9.788	10.182	10.631	10.928	11.199	11.399	11.580
Lífeyrisskuldbinding hækkun (lækkun)	62	67	71	75	78	81	84
VELTUFÉ FRÁ REKSTRI ÁN VAXTA OG SKATTA	23.384	25.064	27.525	30.069	32.304	33.873	35.245
Skammtímafröfur, (hækkun)	920	-157	-239	-239	-195	-188	-180
Skammtímaskuldir, hækkun	192	165	222	193	157	187	190
BREYTING Á REKSTRARTENGÐUM EIGNUM OG SKULDUM	1.113	8	-17	-46	-37	-1	9
Innborgaðar vaxtatekjur	768	982	941	942	944	945	947
Greidd vaxtagjöld ISK	-4.178	-4.425	-4.310	-4.468	-4.463	-4.168	-3.816
Greiddur tekjuskattur	0	0	0	-247	-2.129	-2.576	-3.456
Greiðslur annarra fjármagnsliða	-258	-193	-503	-483	-205	78	78
HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI	20.837	21.437	23.636	25.768	26.413	28.152	29.007
Fjárfestingahreyfingar							
Orkuver	-5.112	-3.101	-2.634	-3.033	-2.814	-1.583	-1.933
Veitukerfi	-5.821	-8.882	-7.814	-7.788	-6.373	-6.864	-7.160
Þróunarverkefni	-41	-571	-837	-865	-889	0	0
Önnur fjárfesting	-689	-616	-652	-667	-687	-703	-722
Fjárfestingar rekstrarfjármuna samtals	-11.663	-13.169	-11.937	-12.353	-10.764	-9.150	-9.815
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna	45	0	0	0	0	0	0
Afborganir skuldabréfa	0	9.588	0	0	0	0	0
Fjárfesting í bundnum innlánum	1.750	0	0	0	0	0	0
Aðrar fjárfestingahreyfingar	1.795	9.588	0	0	0	0	0
FJÁRFESTINGAHREYFINGAR ALLS	-9.868	-3.581	-11.937	-12.353	-10.764	-9.150	-9.815
Fjármögnunarhreyfingar							
Tekin ný langtímalán	6.000	9.650	6.500	7.029	0	0	0
Afborganir langtímaskulda	-14.552	-21.259	-16.931	-18.200	-16.966	-16.806	-15.958
FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR ALLS	-8.552	-11.609	-10.431	-11.171	-16.966	-16.806	-15.958
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	2.417	6.246	1.267	2.244	-1.317	2.195	3.234
Handbært fé í ársbyrjun	9.147	11.566	17.814	19.082	21.326	20.009	22.205
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	2	2	1	0	0	0	0
Handbært fé í lok tímabilsins	11.566	17.814	19.082	21.326	20.009	22.205	25.439